

## 1 STYRKHÆFI VEGNA UMSÓKNA

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi og skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja (lög 3/2003 með áorðnum breytingum).

Verkefnisstjórar skulu hafa lokið rannsóknarnámi við alþjóðlega viðurkennda háskóla og hafa reynslu af rannsóknnum. Sé sótt um styrk til rannsóknar sem er hluti af doktorsnámi nafngreinds doktorsnema, skal verkefnisstjórn vera í höndum leiðbeinanda. Sé sótt um fyrir nafngreindan doktorsnema skal hann vera meðumsækjandi. Ekki eru sérstök eyðublöð vegna styrkja til doktorsnema en hægt er að sækja um styrk vegna doktorsnema bæði í verkefnisstyrksumsókn og í umsókn um öndvegisstyrk.

Sami einstaklingur getur sótt um fleiri en einn styrk sem verkefnisstjóri. Ekki er hægt að sækja um fleiri en eina styrktegund (rannsóknastöðustyrk, verkefnisstyrk eða öndvegisstyrk) vegna sama verkefnis.

## 2 STYRKTEGUNDIR

### 2.1 ÖNDVEGISSTYRKIR

Öndvegisstyrkir eru ætlaðir til umfangsmikilla verkefna sem eru líkleg til að skila íslenskum rannsóknnum í fremstu röð á alþjóðavettvangi. Verkefnisstjóri og meðumsækjendur skulu hafa viðurkennda reynslu af rannsóknarvinnu og stjórnun stórra rannsóknarverkefna. Ef nafngreindir doktorsnemar taka þátt í verkefninu skulu þeir vera skráðir sem meðumsækjendur á umsókninni. Verkefni skulu hafa skýr markmið og vel skilgreinda og varðaða verkefnisáætlun. Gera verður grein fyrir þörf tilgreindrar styrkupp hæðar, lýsa áætlaðri notkun styrksins og hverjir vinna hvern verkþátt. Krafist er ítarlegrar kostnaðaráætlunar þar sem gera skal skýra grein fyrir öllum verkþáttum, kostnaði þeirra og fjármögnun. Í

umsókninni skal gera grein fyrir væntingum um afrakstur og ávinning verkefnisins.

Eftirtalin atriði vega þungt þegar umsóknir um öndvegisstyrk eru metnar og er mikilvægt að gerð sé grein fyrir þeim í umsókn:

- Verkefnisstjórn skal vera í höndum vísindamanns með viðurkenndan vísindaferil, forystuhæfileika og reynslu af rekstri rannsóknarverkefna.
- Öndvegisstyrkir eru ætlaðir rannsóknarhópum og ekki er gert ráð fyrir að einungis verkefnisstjóri sé skráður á slíkar umsóknir heldur einnig meðumsækjendur.
- Framlag meistara- og doktorsnema. Ef um nafngreinda doktorsnema er að ræða skulu þeir skráðir sem meðumsækjendur á umsóknina og gera grein fyrir því hvernig verkefnið tengist framtíðaráformum þeirra í rannsóknnum
- Samstarf við erlenda rannsóknarhópa og vísindamenn.

Öndvegisstyrkir eru veittir í allt að 36 mánuði. Styrkupphæð til verkefnis getur að hámarki verið 105 milljónir króna fyrir 36 mánaða verkefni, 70 milljónir fyrir 24 mánaða verkefni og 35 milljónir fyrir 12 mánaða verkefni. Styrkurinn úr Rannsóknasjóði nemur að hámarki 85% af kostnaði verkefnis.

Hægt er að sækja um styrk til fjármögnunar samreksturs og aðstöðu og verður hann að vera vel rökstuddur í umsókn. Styrkur vegna samreksturs og aðstöðu leggst ofaná heildarstyrk Rannsóknasjóðs til verkefnisins og getur að hámarki numið 20% af heildarstyrk að aðkeypri þjónustu undanskilinni.

Öndvegisstyrkir geta verið mótframlag eða viðbótarfjármögnun á stórum verkefnum sem erlendir samkeppnissjóðir styrkja.

*Áætlanir um hámarksstyrki úr Rannsóknasjóði byggjast á áætlunum um framlag í sjóðinn 2015. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að endurskoða*

*reglur um hámarksstyrki verði breytingar á þessum áætlunum.*

## 2.2 VERKEFNASTYRKIR

Verkefnastyrkir eru veittir í allt að 36 mánuði. Styrkupp hæð til verkefnis getur að hámarki verið 30 milljónir króna fyrir 36 mánaða verkefni, 20 milljónir fyrir 24 mánaða verkefni og 10 milljónir fyrir 12 mánaða verkefni. Að jafnaði er gert ráð fyrir nokkuð jafnri dreifingu milli ára. Styrkurinn úr Rannsóknasjóði nemur að hámarki 85% af heildarkostnaði verkefnisins.

Hægt er að sækja um styrk til fjármögnunar samreksturs og aðstöðu og verður hann að vera vel rökstuddur í umsókn. Styrkur vegna samreksturs og aðstöðu leggst ofaná heildarstyrk Rannsóknasjóðs til verkefnisins og getur að hámarki numið 20% af heildarstyrk að aðkeyptri þjónustu undanskilinni.

Verkefni skulu hafa skýr markmið og vel skilgreinda og varðaða verkefnisáætlun. Gera verður grein fyrir þörf tilgreindrar styrkupp hæðar, lýsa áætlaðri notkun styrksins og hverjir vinni hvern verkþátt. Krafist er ítarlegrar kostnaðaráætlunar þar sem gera skal skýra grein fyrir öllum verkþáttum, kostnaði þeirra og fjármögnun. Í umsókninni skal gera skýra grein fyrir væntingum um afrakstur og ávinning verkefnisins.

Hægt er að sækja um styrk vegna doktorsnema. Ef um nafngreinda doktorsnema er að ræða skulu þeir gera grein fyrir því hvernig rannsóknarverkefnið tengist framtíðaráformum þeirra í rannsóknunum.

*Áætlanir um hámarksstyrki úr Rannsóknasjóði byggjast á áætlunum um framlag í sjóðinn 2015. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að endurskoða reglur um hámarksstyrki verði breytingar á þessum áætlunum.*

## 2.3 RANNSÓKNASTÖÐUSTYRKIR

Rannsóknasjóður veitir rannsóknastöðustyrki ungum vísindamönnum sem lokið hafa doktorsnámi innan 5 ára frá því að verkefni hefst, miðað við undirritun samnings við Rannsóknasjóð. Staðfesting frá gestgjafastofnun verður að liggja

fyrir og telst það umsækjendum til tekna að sækja um rannsóknastöðu við aðra stofnun en veitti doktorsgráðu. Rannsóknastöðustyrkir eru veittir í allt að 36 mánuði. Styrkupp hæð til verkefnis getur að hámarki verið 21 milljón króna fyrir 36 mánaða verkefni, 14 milljónir fyrir 24 mánaða verkefni og 7 milljónir fyrir 12 mánaða verkefni. Að jafnaði er gert ráð fyrir nokkuð jafnri dreifingu milli ára. Styrkurinn úr Rannsóknasjóði nemur allt að 100% af heildarkostnaði verkefnisins.

Hægt er að sækja um styrk til fjármögnunar samreksturs og aðstöðu og verður hann að vera vel rökstuddur í umsókn. Styrkur vegna samreksturs og aðstöðu leggst ofan á heildarstyrk Rannsóknasjóðs til verkefnisins og getur að hámarki numið 20% af heildarstyrk að aðkeyptri þjónustu undanskilinni.

Verkefni skulu hafa skýr markmið og vel skilgreinda og varðaða verkefnisáætlun. Gera verður grein fyrir þörf tilgreindrar styrkupp hæðar, lýsa áætlaðri notkun styrksins og hverjir vinni hvern verkþátt. Krafist er ítarlegrar kostnaðaráætlunar þar sem gera skal skýra grein fyrir öllum verkþáttum, kostnaði þeirra og fjármögnun. Í umsókninni skal gera skýra grein fyrir væntingum um afrakstur og ávinning verkefnisins. Að auki skal umsækjandi gera grein fyrir samhengi verkefnisins við fyrri rannsóknir, hvernig verkefnið muni stuðla að starfsframa og segja frá framtíðaráætlunum innan rannsóknarsamfélagsins.

*Áætlanir um hámarksstyrki úr Rannsóknasjóði byggjast á áætlunum um framlag í sjóðinn 2015. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að endurskoða reglur um hámarksstyrki verði breytingar á þessum áætlunum.*

## 3 BIRTINGAR OG NÝTING NIÐURSTAÐNA VERKEFNIS

Í samræmi við lög 3/2003 með áorðnum breytingum um opinberan styrk til vísindarannsóknna skal birta niðurstöður slíkra rannsókna í opnum aðgangi.

Rannís hvetur styrkþega til að birta niðurstöður sínar í tímaritum sem bjóða upp á opinn aðgang eða í opnu varðveislusafni samhliða birtingu í

# Reglur fyrir styrkárið 2015



lokuðu áskriftartímariti. Styrkþegar geta farið fram á undanþágu hjá Rannís frá þessari reglu.

Styrkþegar skulu greina frá því að verkefnið hafi verið styrkt af Rannsóknasjóði (e. Icelandic Research Fund) og tilgreina styrknúmer í öllum birtingum niðurstaðna verkefnisins.

## 4 VIÐURKENNDUR KOSTNAÐUR

Stjórn Rannsóknasjóðs getur á grundvelli mats á umsókninni ákveðið að styrkja aðeins hluta af skilgreindum verkþáttum í umsókn. Styrkir eru veittir í allt að 36 mánuði með fyrirvara um fullnægjandi framvindu verkefna og framlög í sjóðinn. Rannsóknasjóður gerir fyrsta samning við styrkþega innan fjögurra mánaða frá úthlutun og framhald ræðst síðan af framvindu verkefnis

### 4.1 LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD

Eftirfarandi tafla sýnir launakostnað per. einstakling, þ.m.t. launatengd gjöld, sem Rannsóknasjóðurviðurkennir árið 2015:

Staða	Upphæð á mánuði
Sérfræðingur 1 t.a.m. prófessor	670.000 kr.
Sérfræðingur 2 t.a.m. lektor eða dósent	550.000 kr.
Nýdóktor	480.000 kr.
Doktorsnemi	350.000 kr.
Rannsóknarmaður	350.000 kr.
Meistararnemi	300.000 kr.

Meistararnemi getur fengið að hámarki 12 mánaða styrk úr sjóðnum óháð lengd verkefnis, aðrir þátttakendur 36 mánuði að hámarki.

Rannsóknasjóður greiðir hvorki yfirvinnu vegna rannsókna né laun til þeirra sem eru jafnframt á fullum launum í öðrum störfum (þ.m.t. lífeyrisþega).

### 4.2 REKSTRARKOSTNAÐUR

Undir þennan lið skal færa samtölu allra nauðsynlegra aðfanga fyrir verkefnið, en þó ekki liði sem falla undir samrekstur og aðstöðu. Gera þarf grein fyrir öllum rekstrarkostnaði á rafrænu umsóknareyðublaði.

Heimilt er að færa kostnað vegna kaupa á tækjum og búnaði sem rekstrarkostnað. Á hverju 12 mánaða tímabili er heimilt að færa 1.000 þúsund krónur vegna verkefnisstyrkja og 3.000 þúsund krónur vegna öndvegisstyrkja. Umsóknnum um dýrari tæki og búnað skal skila í Innviðasjóð. Vakin er athygli á að lágmarksupphæð sem hægt er að sækja um í Innviðasjóð er 2.000 þúsund krónur. Umsóknarfrestur í Innviðasjóð er auglýstur með 6 vikna fyrirvara. Gera þarf grein fyrir öllum kostnaði vegna tækjakaupa á rafrænu umsóknareyðublaði, auk þess sem tilboð vegna tækjakaupa frá seljanda/framleiðanda skal fylgja umsókn.

### 4.3 FERÐAKOSTNAÐUR

Hér skal færa samtölu kostnaðar vegna ferða sem eru nauðsynlegar fyrir framgang verkefnisins. Í skýringum skal færa rök fyrir öllum ferðum og á hvern hátt þær tengjast verkefninu.

### 4.4 AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Undir þennan lið fellur vinna sem ekki er unnin af þátttakendum í verkefninu, en er nauðsynleg fyrir framgang þess. Gera þarf grein fyrir öllum kostnaði vegna aðkeyptrar þjónustu á rafrænu umsóknareyðublaði auk þess sem tilboð vegna aðkeyptrar þjónustu skal fylgja umsókn. Ekki er hægt að sækja um fjármögnun samrekstrar og aðstöðu vegna aðkeyptrar þjónustu.

## 4.5 KYNNING Á NIÐURSTÖÐUM

Á lokaári verkefnisins er heimilt er að sækja um allt að 500 þúsund krónur til að standa straum af kostnaði við kynningu á niðurstöðum t.a.m. útgáfukostnaði. Þennan kostnað skal færa sem rekstrarkostnað á lokaári verkefnis og tilgreina sem kostnað vegna kynningar á niðurstöðum. Gera þarf grein fyrir öllum kostnaði vegna kynningar á niðurstöðum á umsóknareyðublaði.

## 4.6 SAMREKSTUR OG AÐSTÆÐA

Hægt er að sækja um fjármögnun samrekstrar og aðstöðu allt að 20% af sóttum styrk til verkefnis að aðkeyptri þjónustu undanskilinni. Gera þarf grein fyrir öllum kostnaði vegna samrekstrar og aðstöðu á umsóknareyðublaði.

## 4.7 MÓTFRAMLAG.

Til mótframlags getur talist allur kostnaður við verkefnið að undanskildum kostnaði við samrekstur og aðstöðu.

*Athugið að allur óútskýrður kostnaður verður skorinn.*

*Stjórn Rannsóknasjóðs áskilur sér rétt til að endurskoða reglur um hámarksstyrki og til að kalla eftir nánari skýringum á kostnaði frá umsækjendum.*

## 5 MATSFERLI NÝRRA UMSÓKNA

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs skipar fagrát Rannsóknasjóðs, sem hvert er skipað sjö einstaklingum (a.m.k. tveimur utan Íslands) með víðtæka reynslu af rannsóknnum. Fagsviðin eru eftirfarandi:

- Verkfræði, tækni- og raunvísindi
- Náttúru- og umhverfisvísindi
- Heilbrigðis- og lífvísindi
- Félagsvísindi og lýðheilsa
- Hugvísindi

Leitað er eftir umsögn a.m.k. tveggja sérfræðinga áður en fagrát taka umsóknir til umfjöllunar. Allt ytra mat fer fram erlendis. Fagrát kynna sér allar umsóknir og afgreiða hverja umsókn með rökstuddri, skriflegri greinargerð (umsögn) og forgangsraða umsóknum á grunni hins faglega mats. Þegar úthlutun liggur fyrir fá umsækjendur í hendur mat á umsókn og flokkun hennar.

Áður en fagrát ganga frá umsögnum til stjórnar Rannsóknasjóðs ræða formenn þeirra á sameiginlegum fundi sérstök álitamál sem kunna að hafa komið upp.

Til viðbótar hinu faglega mati, sem fagrát skila, skal stjórn Rannsóknasjóðs miða umfjöllun sína við almennar áherslur Vísinda- og tækniráðs og úthlutunarstefnu sjóðsins sem samþykkt er af vísindanefnd.

Áður en stjórn Rannsóknasjóðs gengur endanlega frá styrkveitingum ræðir hún úthlutunina á fundum með formönnum fagrátanna.

Ákvörðun stjórnar um veitingu styrkja úr Rannsóknasjóði eru endanlegar. Samkvæmt 4. grein laga nr. 3 frá 2003 sæta ákvarðanir stjórnar Rannsóknasjóðs um styrkveitingu eða höfnun ekki stjórnarsýslukæru.

## 6 GREIÐSLUR OG EFTIRFYLGNI MEÐ STYRK TUM VERKEFNUM

Greiðsla hvers styrkars skiptist í fernt: Fyrsta greiðsla hvers árs (25%) fer fram 1. mars með fyrirvara um undirritun samnings, önnur greiðsla (25%) fer fram 1. júní, þriðja greiðsla (25%) fer fram 1. september og lokagreiðsla (25%) fer fram 20. janúar með fyrirvara um að framvinduskýrsla, þ.e. skýrslan um umrætt styrkár, hafi verið samþykkt. Starfsfólk Rannís fer yfir framvinduskýrslur og kemur tilmælum um áframhaldandi styrk til stjórnar Rannsóknasjóðs. Stjórn sjóðsins og starfsfólki Rannís er heimilt að fara fram á viðbótargögn frá styrkþegum og fela viðeigandi fagrát yfirferð framvinduskýrslu ef nauðsyn þykir. Þegar ársskýrsla hefur verið samþykkt er síðasta greiðsla ársins á undan greidd og samningur næsta árs sendur verkefnisstjórum til

undirritunar. Þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt er síðasta greiðsla til verkefnisins greidd og samningi Rannsóknasjóðs og styrkþega vegna verkefnisins formlega lokið.

## 6.1 ÁRSSKÝRSLUR

Fyrir 10. janúar hvers árs skal skila ársskýrslu um framvindu verksins á árinu á undan. Í henni ber að gera grein fyrir öllum mikilvægum breytingum á verkefni eða staðfesta að áætlun hafi verið fylgt. Einnig skal skila kostnaðaráætlun næsta styrkárs.

## 6.2 LOKASKÝRSLUR

Þegar verkefni er lokið skulu verkefnisstjórar skila lokaskýrslu. Í lokaskýrslu er gerð grein fyrir vinnu við verkefnið, afrakstri þess og niðurstöðum. Lokagreiðsla fer fram þegar skýrslan hefur verið samþykkt. Mat á lokaskýrslu verður haft til hliðsjónar sæki verkefnisstjóri um styrk til nýrra verkefna úr sjóðnum.

## 7 UMSÓKNIR –LEIÐBEININGAR

Allar umsóknir og umsóknargögn skulu vera á ensku án undantekninga. Aðeins er hægt að skila umsóknum á rafrænu formi gegnum umsóknarkerfi Rannís, sjá nánari leiðbeiningar á heimasíðu Rannís.

*Umsóknir þurfa að berast um umsóknarkerfi Rannís fyrir kl. 17:00, 2. júní 2014.*

*Ófullgerðum umsóknum verður vísað frá.*

Umsókn skulu fylgja eftirfarandi viðaukar:

- Verkefnislýsing (sniðmát aðgengilegt á heimasíðu Rannís).

Verkefnislýsing skal skrifuð með 12 pt Times/Times New Roman lettri og 1,5 línubili. Þegar fyllt hefur verið í sniðmát eru umsækjendur beðnir að klippa heimildaskrá frá verkefnislýsingu og hlaða skjölunum inn aðskildum á pdf formi. Ef verkefnislýsing fer yfir leyfilegan hámarksfjölda blaðsíðna hafnar umsóknarkerfið skjalinu. Leyfilegur hámarksfjöldi blaðsíðna (með titil síðu og leiðbeiningum) vegna umsóknar um verkefnisstyrk eru 17 síður, 22 síður vegna

umsóknar um öndvegisstyrk og 14 síður vegna umsóknar um rannsóknastöðustyrk.

Umsóknum sem hlíta ekki þessum reglum verður vísað frá.

Sniðmát fyrir verkefnislýsingu er skipt niður í eftirfarandi kafla. Gera skal gera grein fyrir hverjum kafla fyrir sig.

- a) Markmið verkefnis og nýnæmi þess
- b) Staða þekkingar og færni
- c) Rannsóknaraðferðir, verk- og tímaáætlun
- d) Vörður og afurðir
- e) Samstarf í verkefninu (innlent/erlent)
- f) Framlag doktors- og meistaranema í verkefninu (ef við á)
- g) Áhrif (impact)
- h) Áætlun birting niðurstaðna
- i) Framtíðaráform (á við um umsóknir um rannsóknastöðustyrki)

Kaflar e, f, h og i eiga ekki við um verkefni sem eingöngu eru byggð á doktorsnemaverkefni.

- Ferilskrá verkefnisstjóra og meðumsækjenda þ.m.t. doktorsnema. Sniðmát ferilskrár er aðgengilegt á heimasíðu Rannís. Ferilskrá er skipt í fyrirfram skilgreinda kafla og eru umsækjendur beðnir um að skrá aðeins þær upplýsingar sem beðið er um.
- Verðtilboð, sé sótt um styrk vegna kaupa á tækjum og búnaði til rannsókna.
- Önnur viðhengi (þar sem við á):
  - Greinargerð doktorsnema.
  - Aðrir þátttakendur („Other participants“) í umsóknum um verkefnisstyrki eða öndvegisstyrki staðfesta þátttöku sína í verkefninu.
  - Gestgjafastofnun staðfestir boð til umsækjanda um rannsóknastöðustyrk.

*Athugið að engin önnur fylgigögn skulu fylgja umsókn.*

Umsækjendur gera þá sjálfsögðu kröfu að aðilar sem meta umsóknina faglega hafi sérþekkingu á þeirri vísindagrein sem umsóknin fellur undir. Á móti kemur að ein helsta forsenda fyrir vönduðu

# Reglur fyrir styrkárið 2015



faglegu mati er að verkefninu sé nógu ítarlega lýst til að framkvæma megi matið út frá þeim upplýsingum sem koma fram í umsókninni. Vönduð verkefnislýsing auðveldar faglegt mat á umsókninni. Hafa skal eftirfarandi atriði í huga:

Mikilvægt er að verkefnið hafi vel skilgreind markmið og því sé deilt upp í vel skilgreinda verkþætti. Lýsa skal hverjum þætti fyrir sig, skýra innbyrðis tengsl þeirra eftir því sem við á og áætla nauðsynlegan tíma fyrir hvern verkþátt.

Lýsa skal helstu vörðum í verk- og tímaáætlun sem marka skil á milli áfanga í verkefninu. Þegar um er að ræða verkefni, þar sem sótt er um stuðning til tveggja eða þriggja ára, skal skilgreina og lýsa vörðum í lok fyrsta, annars og þriðja styrkårs.

Gera verður grein fyrir þeim rannsóknaraðferðum sem notaðar eru og af hverju þær eru notaðar í hverju tilfalli. Aðferðafræði við söfnun upplýsinga og mat á gögnum þarf að liggja fyrir.

Gera skal grein fyrir samstarfi innan verkefnis, bæði milli ólíkra vísindamanna, rannsóknarmanna og hvort um virkt samstarf milli háskóla, stofnana og fyrirtækja sé að ræða. Lýsa skal sérstaklega alþjóðlegu samstarfi í verkefninu.

Upplýsingar um hvaða hlutar verkefnis eru doktors- eða meistara-verkefni, ef við á, og við hvaða skóla og deild nemarnir leggja stund á námið og í hverju framlagnema er fólgið í verkefninu.

Gera skal grein fyrir og færa rök fyrir áætluðum ávinningi af nýtingu niðurstaðna verkefnisins. Ávinningur getur verið þekkingarlegur, umhverfislegur, hagrænn, félagslegur o.s.frv. Afrakstur verkefna eru mælanlegar „einingar“ sem út úr verkefninu koma. Dæmi um afrakstur eru: birtar vísindagreinar, ritverk, háskólagráður, hugbúnaður, gagnagrunnar, frumgerðir, framleiðsluaðferðir, ný framleiðsluefni, einkaleyfi, líkön, rannsóknaraðferðir, staðfestar vísindakennningar o.fl.

Gera skal grein fyrir hvernig staðið verður að kynningu niðurstaðna og birtingu þeirra í fagritum, skýrslum, ráðstefnum, o.s.frv., og hvort og þá hvernig eignarréttur niðurstaðna verður verndaður.

Rannsóknasjóður bendir umsækjendum á að afla tilskilinna leyfa Persónuverndar, Vísindasiðanefndar og/eða Tilraunadýranefndar þar sem það á við.